



Alþingi - menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2004030126

211

15. apríl 2004


Málefni: Útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl, 473. mál.

Vísað er til bréfs menntamálanefndar, dags. 25. mars 2004, þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er send til umsagnar þingsályktunartillaga um útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl, 473. mál.

Póst- og fjarskiptastofnun mælir með því að kannaður verði kostnaður við útsendingar og móttöku sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl.

Póst- og fjarskiptastofnun tekur um þessar mundir þátt í stýrihóp sem skipaður var af samgönguráðherra til þess að vinna að gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005-2010. Eitt af verkefnum hópsins er að kanna leiðir til uppbyggingar stafræns sjónvarps. Áætlun um kostnað við gervihnattasendingar væri gott innlegg í þá vinnu, enda er það einn þáttur í stefnu samgönguráðherra varðandi stafrænt sjónvarp að könnuð verði hagkvæmni þess að senda út íslenskt sjónvarpsefni um gervitungl til sjómanna, til landfræðilega afskekktara staða og til Íslendinga í Norður-Evrópu.

Virðingarfyllst,


Sigurjón Ingvason
forstöðumaður lögfræðideildar